



Handbók leikskólakennaranema

um vettvangsnám

Grunn- og framhaldsnám

Handbók uppfærð í september 2023

Efnisyfirlit

Til lesenda	2
Um vettvangsnám	3
Markmið og hæfniviðmið	3
Áherslur og framvinda í vettvangsnámi	4
Skipulag og inntak vettvangsnáms	4
Samstarf um kennaranám - Hlutverk og ábyrgð	5
Leiðsögn og endurgjöf	10
Námsmat	11

Til lesenda

Í leikskólum er lagður hornsteinn að menntun barna á Íslandi. Sjónarmið og réttindi barna eru í brennidepli um leið og þau eru búin undir virka þátttöku í lýðræðissamfélagi. Meginmarkmið leikskólakennaranáms við Háskóla Íslands eru að kennaranemar öðlist yfirsýn og skilning á menningar- og menntunarhlutverki leikskóla, starfsemi þeirra, kenningum um uppeldi og menntun ungra barna og fagmennsku leikskólakennara. Í náminu er sérstök áhersla lögð á tengsl leikskólustarfs og nýrra rannsókna á sviði uppeldis og menntunar þar sem eftirfarandi atriði eru í brennidepli:

- ✓ Leikskólinn sem menntastofnun
- ✓ Leikur og samskipti barna
- ✓ Listir og barnamenning
- ✓ Málþroski og þróun læsis
- ✓ Fjölmennning og nám án aðgreiningar
- ✓ Námskrá, fagmennska og jafnrétti
- ✓ Umhverfismennt
- ✓ Samskipti, samstarf og stjórnun

Vettvangsnám er mikilvægur þáttur kennaramenntunar. Meginmarkmið með vettvangsnámi eru þau að nemar vinni með tengsl fræða og starfs og efla eigin uppeldissýn sem lið í þróun fagmennsku sinnar.

Handbók þessari er ætlað að veita innsýn í skipulag og áherslur í vettvangsnámi í leikskólum ásamt því að fjalla um hlutverk og ábyrgð þeirra sem koma að leiðsögn leikskólakennaranema. Handbókin er ætluð leiðsagnarkennurum, leikskólakennaranemum og háskólakennurum.

Um vettvangsnám

Eitt af meginmarkmiðum vettvangsnáms er að nemar efli faglega hæfni sína og tengi fræðilega þekkingu við starf á vettvangi. Með vettvangsnámi er átt við samfellda veru og nám kennaranema í leikskólum. Í vettvangsnámi kynna nemar sér áherslur í uppeldi og menntun í leikskólum og starfshætti tengda námssviðum leikskólans. Þar fá þeir jafnframt tækifæri til að tengja saman fræði og framkvæmd með því að prófa þá þekkingu og kunnáttu sem þeir hafa aflað sér í háskólanáminu, í daglegu starfi leikskóla. Vettvangsnám er einingabært sem merkir að það er metið til eininga og er hluti af námsmati ákveðinna námskeiða.

Í allflestum námskeiðum í leikskólakennarafræði er gert ráð fyrir tengslum við vettvang. Vettvangstengingar geta verið með ýmsu móti þar sem nemendur vinna að verkefnum námskeiða með það að markmiði að þeir ígrundi eigin viðhorf til hlutverks leikskólans í uppeldi og menntun barna ásamt því að þeir þjálfist í að undirbúa og vinna með tiltekin viðfangsefni með barnahópi. Einnig falla hér undir heimsóknir tengdar sérstökum viðburðum eða áherslum í leikskólastarfi, viðtöl, kannanir eða gagnaöflun af einhverju tagi.

Starf leikskólakennara er margþætt og margir nemar búa yfir reynslu af starfi í leikskóla eða starfa þar samhliða námi. Í vettvangsnámi gefst nemum tækifæri til að íhuga starf og starfshætti við nýjar aðstæður út frá tilteknum viðmiðum og fræðilegu sjónarhorni. Eftir því sem líður á námið er lögð meiri áhersla á að nemar ígrundi eigið starf og annarra, um leið og þeir þróa leiðtoga- og forystuhæfni sína og átti sig á þeirri ábyrgð sem því fylgir að taka þátt í að leiða faglegt starf í leikskóla.

Markmið og hæfniviðmið

Meginmarkmið með vettvangsnámi eru að leikskólakennaranemar:

- ✓ öðlist sem bestan skilning á öllum hliðum leikskólastarfsins
- ✓ fái tækifæri til að læra í starfi og reyna í verki þá fræðilegu þekkingu sem þeir öðlast í bóklega hluta námsins með því að samþætta fræði og starf
- ✓ nái þeirri verkaleikni sem nauðsynleg er til þess að geta uppfyllt þær kröfur og lagalegu skyldur sem leikskólakennarastarfið útheimtir

Að loknu fimm ára kennaranámi eiga nemar að hafa öðlast hæfni sem m.a. felur í sér að

- ✓ samþætta þekkingu og reynslu og viðhorf og leikni í að beita henni við skipulag og stjórnun leikskólastarfs
- ✓ vinna að gerð og framkvæmd áætlana fyrir einstök börn og barnahópa í samstarfi við leikskólakennara á vettvangi
- ✓ skipuleggja nám og námsumhverfi fyrir margbreytilegan barnahóp með áherslu á félagsleg samskipti, leik og sköpun
- ✓ meta námsframvindu og þroska barna

- ✓ eiga samskipti og samstarf við fjölskyldur barna
- ✓ hafa forystu um að þróa og bæta starf og starfshætti í leikskóla

Áherslur og framvinda í vettvangsnámi

Menntun leikskólakennara er samstarfsverkefni háskólans annars vegar og leikskóla hins vegar. Á vettvangi leikskólans fær nemi reynslu og innsýn í skólastarfið. Í háskólanum öðlast hann m.a. þekkingu og skilning á kenningum um uppeldi og nám í leikskóla, og tækifæri til að vinna úr reynslu sinni og skoða hana í fræðilegu ljósi. Þannig verður til fagþekking með gagnkvæmu samspili háskóla og starfsvettvangs.

Vettvangsnámið er samofið fræðilegri umfjöllun í námskeiðum. Á fyrri stigum námsins er lögð áhersla á að nemi kynnist starfi leikskólakennara á vettvangi og taki þátt í því og læri þannig til starfsins. Þegar líður á námið er lögð meiri áhersla á frumkvæði og sjálfstæði nema og að hann sýni í verki meiri færni og dýpri skilning á ákveðnum þáttum leikskólakennarastarfsins. Hann þarf að öðlast innsýn í faglegt og rekstrarlegt hlutverk leikskólans þar á meðal stjórnun og forystu ásamt því að taka þátt í faglegri umræðu um hlutverk leikskóla í uppeldi og menntun. Þá er honum ætlað að fá innsýn í þá hugmyndafræði sem leikskólastarf byggir á og hvernig hún birtist í daglegu starfi, ásamt því að skipuleggja og vinna með fjölbreytt viðfangsefni með þátttöku og virkni barna að leiðarljósi. Samhliða vinnu við verkefni úr háskóla tekur nemi þátt í daglegu starfi leikskólans og tekst þannig á við að samþætta þekkingu sína og færni í daglegu starfi með börnum. Með verkefnum nema skapast jafnframt tækifæri fyrir leiðsagnarkennara og leikskólann í heild að kynnast nýrri þekkingu og rannsóknum á sviði menntunarfræða ungra barna. Þannig má líta á framlag nemans á vettvangi sem tækifæri til faglegrar umræðu og innlegg í símenntun þeirra sem þar starfa.

Skipulag og inntak vettvangsnáms

1. ár

Á fyrsta ári eru nemar í vettvangsnámi í þrjár vikur að vori í námskeiðunum Leikskólafræði II – Leikur, samskipti og skráning (4Ve) og Hreyfing og leikræn tjáning, úti og inni (2Ve). Í vettvangsnámi á fyrsta ári er lögð áhersla á að nemar öðlist þekkingu á hlutverki leikskólans sem menntastofnunar og hlutverki leikskólakennara í að skipuleggja leik- og námsumhverfi barna. Með þátttöku í daglegu starfi leikskólans fá nemar innsýn í hvernig leikskólakennari sinnir þáttum í umönnun og menntun barna. Í verkefnum frá háskóla er nemum ætlað að þróa þekkingu sína og færni í starfi með börnum. Áhersla er m.a. á að öðlast frekari innsýn í tengsl barna og samskipti við önnur börn og fullorðna, nám í félagslegu samhengi, hreyfingu og virkni sem undirstöðu leiks og tjáningar, og leiðir til að styrkja skapandi hugsun, leik og leikfærni barna.

2. ár

Á öðru námsári eru nemar í vettvangsnámi í tvær vikur að vori í tengslum við námskeiðið Leikskólafræði III - Námskrá, fagmennska og mat á leikskólastarfi (4ve). Lögð er áhersla á að nemar fái m.a. reynslu og innsýn hvað varðar ábyrgð og fagmennsku leikskólakennara í mótun uppeldis- og menntastarfsins.

3. ár

Á þriðja námsári eru nemar í vettvangsnámi í eina viku í grunnskóla að hausti - í tengslum við námskeiðið Á mótum leik- og grunnskóla (2Ve). Á vormisseri fara nemar í tveggja vikna vettvangsnám í tengslum við námskeiðið Leikskóli án aðgreiningar (4ve). Í vettvangsnámi í grunnskóla kynnst nemar skólastarfi í 1. bekk og hvernig staðið er að samstarfi um skil milli skólastiga ásamt því að taka ábyrgð á og skipuleggja afmörkuð viðfangsefni í samráði við leiðsagnarkennara. Á vormisseri miðast nám á vettvangi við frekara frumkvæði og þátttöku nema í leik og starfi með börnum. Nemar skipuleggja og framkvæma starf með barnahópi/um, tengt ýmsum af þeim þáttum sem fengist hefur verið við í fræðilegum námskeiðum, þar má nefna að skipuleggja starf og vinna með börnum út frá einstökum námssviðum leikskólans. Einnig er lögð áhersla á að nemi geri athuganir, skipuleggi og vinni með fjölbreyttum barnahópi.

1. ár (Framhaldsnám - fyrra ár)

Á fyrra ári í framhaldsnámi fara nemar sem koma úr B.Ed náminu í leikskólakennarafræði ekki á vettvang. Þeir nemar sem koma inn í framhaldsnámið með annað grunnám en B.Ed fylgja námsleiðinni Menntunarfræði leikskóla MT./M.Ed. Þar fara nemar á vettvang í tvær vikur að hausti í tengslum við námskeiðið Leikur og hlutverk leikskólakennara (4Ve). Að vori er vettvangsnám skipulagt á þann hátt að nemar fá að dreifa 30 klukkustunda heildarviðveru á fjórar vikur í námskeiðinu Stefnumótun, námskrá og mat (2Ve).

2. ár (Framhaldsnám - seinna ár)

Vettvangsnám á 5. ári eða síðara ári í framhaldsnámi tengist námskeiðunum Fræði og starf á vettvangi I og II sem eru kennd á haust- og vormisseri. Vettvangseiningarnar eru samtals 22 talsins og hægt er að velja á milli þess að vera í launuðu starfsnámi á eigin vinnustað eða í ólaunuðu vettvangsnámi á leikskóla sem Menntavísindasvið útvegar. Ólaunað vettvangsnám stendur í 5 vikur samfellt að hausti en 6 vikur að vori. Í námskeiðunum Fræði og starf á vettvangi I og II öðlast nemar þekkingu á gildi starfendarannsókna og hvernig þær aðferðir geta nýst kennurum við að rýna í og greina eigin starfshætti með það að markmiði að þróa eigin starfskenningu og faglegt starf. Í samráði við kennara námskeiðs og leiðsagnarkennara á vettvangi velja nemar viðfangsefni sem þeir vilja leggja áherslu á að rýna í og þróa með ofangreind markmið í huga. Nemar afmarka, skipuleggja, framkvæma og að lokum meta ferli og framkvæmd í samstarfi við leiðsagnarkennara, kennara námskeiðs og samnemendur. Mögulegt er að nemi haldi áfram með og þróa sama viðfangsefnið í meistaraverkefni sínu ef svo ber undir. Í meistaranámi dýpka nemar þekkingu sína í menntunarfræði ungra barna, efla hæfni sína til rannsókna ásamt því að styrkja eigin fagmennsku og starfskenningu.

Samstarf um kennaranám - Hlutverk og ábyrgð

Menntavísindasvið og samstarfsskólar bera sameiginlega ábyrgð á leikskólakennaranemum í vettvangsnámi. Sviðið gerir samning við samstarfsskóla sína hverju sinni. Þannig er litið á menntun kennara sem samstarfsverkefni Menntavísindasviðs HÍ og samstarfsskóla þar sem áhersla er lögð á sameiginlega ábyrgð, gagnkvæma virðingu og ávinning allra aðila. Hlutverk og ábyrgð þeirra aðila sem koma að vettvangsnámi kennaranema geta verið ólík.

Menntavísindasvið

Hlutverk Menntavísindasviðs er að skipuleggja vettvangsnám og koma á tengslum milli leikskólakennaranema og viðkomandi leikskóla. Þar er einnig lagður grunnur að og haldið utan um námsmat í vettvangsnámi. Verkefnastjóri vettvangsnáms hefur umsjón með vettvangsnámi fyrir hönd Menntavísindasviðs. Háskólakennarar skipuleggja verkefni sem ætlað er að dýpka þekkingu nema á umfjöllun námskeiða og samþætta fræðilega þekkingu við reynslu og starf á vettvangi. Áður en nemar fara á vettvang senda kennarar upplýsingar um áherslur námskeiða og verkefni til leiðsagnarkennara. Að loknu vettvangsnámi styðja þeir nema í að vinna úr reynslu sinni af vettvangi og skoða hana í fræðilegu ljósi.

Samstarfsskóli

Gert er ráð fyrir að nemar fái að fara í vettvangsnám í a.m.k. þrjá mismunandi leikskóla í B.Ed námi sínu. Stefnt er að því þar sem því verður við komið, að tveir nemar fylgist að og fari í sama leikskóla. Hlutverk samstarfsskóla (leikskóla) er að:

- ✓ skapa sem best skilyrði innan leikskólans og stuðla að því að nemi fái innsýn í sem flesta þætti í leikskólastarfinu
- ✓ skapa nema tækifæri til að kynnst og taka þátt í leikskólastarfi og prófa sig áfram undir leiðsögn hæfra leikskólakennara
- ✓ leita stöðugt leiða til að þróa og styrkja starf sitt með tilliti til þess hlutverks sem honum er ætlað í samstarfinu, þ.e. að taka þátt í menntun leikskólakennaranema
- ✓ taka mið af fyrri reynslu nema við undirbúning og skipulag vettvangsnáms, markmiðum og stöðu nema hverju sinni. Þannig er stuðlað að dýpkun og samfellu í námi á vettvangi

Við val á samstarfsskóla er eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- ✓ faglegar áherslur og styrkleikar leikskólans
- ✓ að þar starfi reynslumiklir leikskólakennarar sem eru tilbúnir að taka að sér leiðsögn nema
- ✓ óskir nema sem tengjast faglegum áherslum eða staðsetningu leikskóla

Leikskólastjórar eða aðstoðarleikskólastjórar halda oftast utan um samstarfið við Menntavísindasvið. Einstaka sinnum eru tilnefndir tengiliðir sem sinna því hlutverki. Þeir hafa yfirsýn yfir fjölda og stöðu þeirra nema sem leikskólinn sinnir og finnur heppilega leiðsagnarkennara sem taka við nemanum þegar vettvangsnám hefst.

Hlutverk tengiliðar (leikskólastjóra/aðstoðarleikskólastjóra) felst einkum í að:

- ✓ koma á tengslum milli leiðsagnarkennara og nema
- ✓ senda út tilkynningu til starfsfólks um komu nema, nafn hans/þeirra og tímabil vettvangsnáms
- ✓ taka á móti nenum þegar þeir koma í vettvangsnám og fylgja eftir framvindu náms á vettvangi út frá því hvar nemi er staddur í náminu, áherslum vettvangsnáms hverju sinni og námsmarkmiðum nema
- ✓ kynna nema fyrir öðru starfsfólki og aðstæður, starfsumhverfi og starfsreglur leikskólans

- ✓ ganga frá námssamningi við hvern og einn nema
- ✓ hafa yfirsýn yfir stöðu hvers nema og að gera Menntavísindasviði viðvart ef ætla má að skólinn geti ekki komið til móts við þarfir eða áhugasvið viðkomandi nema, ef vafi leikur á frammistöðu nema eða að hann stendur ekki við skyldur sínar
- ✓ hafa yfirsýn yfir þætti sem leikskólinn getur boðið nemum að taka þátt í á hverju misseri í samráði við aðra leikskólakennara viðkomandi skóla. Þar getur m.a. verið um að ræða viðveru á annarri deild, kynningar eða þátttöku í fag- og upplýsingafundum, starfsmannafundum, skipulagsdögum, foreldrafundum eða öðrum viðburðum sem gefa nemum frekari innsýn í leikskólastarfið
- ✓ vera leiðsagnarkennara innan handar ef vafi leikur á frammistöðu nema
- ✓ fara yfir námsmat með leiðsagnarkennara, staðfesta það og sjá um að niðurstöðum sé komið til Menntavísindasviðs
- ✓ vera nýjum leiðsagnarkennurum til halds og trausts

Leiðsagnarkennari

Leiðsagnarkennari býr nemandur undir fjölbreytt starf leikskólakennara, miðlar hugmyndum og ábendingum um val á námstækifærum; hvar og hvernig nemi geti aukið færni sína, ásamt því að fylgjast með og leiðbeina nema í starfi með börnum.

Leiðsagnarkennari þarf að hafa menntun leikskólakennara og leyfisbréf til kennslu, góða þekkingu á markmiðum, inntaki og áherslum leikskólastarfsins og a.m.k. tveggja ára reynslu sem leikskólakennari. Ef óskað er eftir undanþágu frá því viðmiði skal það metið í samráði við verkefnisstjóra vettvangsnáms.

Brýnt er að nemar fái ábendingar og tilsögn jafnt og þétt í námi sínu á vettvangi. Leiðsagnarkennari er fyrirmynd nema og þarf að vera reiðubúinn að ræða og rökstyðja eigin starfshætti, markmið og leiðir. Honum ber að taka frá tíma til að leiðbeina nemanum, vera hvetjandi og styðjandi um leið og hann beitir heiðarlegri gagnrýni sem miðar að því að nemi geti bætt sig þar sem það á við.

Meginhlutverk leiðsagnarkennara er að:

- ✓ leiðbeina nema og ræða við hann um framvindu námsins og frammistöðu hans út frá viðmiðum í námsmati og áherslum vettvangsnám hverju sinni
- ✓ hvetja nema til að sýna frumkvæði í starfi og gera sér grein fyrir faglegri ábyrgð sinni sem verðandi leikskólakennari
- ✓ huga að því að stígandi sé í viðfangsefnum nema þannig að hann takist á við fleiri og flóknari verkefni og viðfangsefni eftir því sem líður á námstímann
- ✓ vera til aðstoðar við að meta viðfangsefni með tilliti til aldurs og þroska barna, mismunandi getu og þarfa barnahópsins og markmiða þeirra viðfangsefna sem unnið er með
- ✓ leita eftir viðbrögðum nema við því sem hann hefur heyrt og séð á vettvangi leikskólans, hvetja hann til að fylgjast með, ígrunda og ræða starfshætti leikskólans
- ✓ styðja nema við að greina styrkleika sína og setja sér raunhæf markmið um leið og hann skapar nemanum aðstæður til að vinna að þeim markmiðum

- ✓ skipuleggja og halda skrá yfir mætingu nemans, leiðsögn og leiðsagnarsamtöl

Við upphaf vettvangsnáms á hverju misseri fá leiðsagnarkennarar kynningu, ýmist með bréfi eða fundi, á áherslum námskeiða og þeim viðfangsefnum sem nemum er ætlað að takast á við á vettvangi. Í tengslum við verkefnavinnu námskeiða er æskilegt að nemi fái tækifæri til að tengjast og vinna með ákveðnum barnahópi.

Kennaranemi

Nemi ber sjálfur ábyrgð á eigin námi. Til þess að axla hana, þarf hann að vera sjálfstæður og læra að treysta á sjálfan sig. Hann þarf að leggja sig fram um að benda á það sem hann hefur áhuga á að takast á við, telur sig þurfa þjálfun í eða leiðsögn við t.d. í tengslum við áherslur námskeiða. Hann þarf að setja sér námsmarkmið og nýta vel þau tækifæri sem skapast til að æfa sig í beitingu faglegrar þekkingar á vettvangi undir handleiðslu leiðsagnarkennara.

Fagmennska

Fagmennska endurspeglast í ábyrgð, frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Nemi þarf að afla sér þekkingar á barnahópnum og temja sér jákvæð viðhorf til barna ásamt því að ígrunda eigin störf og samskipti á vettvangi. Nemi þarf að sýna áhuga á að bæta sig og þróa í starfi, leita eftir leiðsögn og bregðast jákvætt við henni. Hann ber ábyrgð á að nýta sér sem best það námsumhverfi sem Menntavísindasvið og vettvangsskólar skapa honum í sameiningu. Hann leggur drög að starfskenningu sinni með því að setja sér markmið með námi sínu á vettvangi og ígrunda eigin viðhorf. Einnig með því að afla gagna um hugmyndafræði og starfshætti leikskólans með skipulögðum hætti, s.s. með athugunum og rannsóknum og tengja þeirri fræðilegu þekkingu sem hann hefur öðlast í námi sínu í háskólanum. Nemar skulu verja eins miklum tíma á vettvangi og mögulegt er, fylgja leikskólakennurum í fjölbreyttu starfi þeirra og spreyta sig í starfi með börnum við fjölbreyttar aðstæður. Nemar eru hvattir til að hafa samstarf sín á milli og vinna að ýmsum verkefnum innan skólans og/eða þvert á skóla eftir því sem við á.

Ábyrgð

Þegar nemi mætir í vettvangsnám hefur farið fram undirbúningur, bæði í háskóla og væntanlegum vettvangsskóla. Því er mikilvægt að nemi standi við þær skuldbindingar sem vettvangsnámið felur í sér. Það felur m.a. í sér að:

- ✓ skipuleggja námstímann á vettvangi í samráði við leiðsagnarkennara, út frá námsmarkmiðum sínum, verkefnavinnu og mögulegum námstækifærum á viðkomandi deild eða innan leikskólans
- ✓ koma daglega undirbúinn fyrir nám og þátttöku á vettvangi með því að kynna sér vel áætlun deildarinnar, hvað og hvernig hann getur tekið þátt
- ✓ undirbúa sig fyrir leiðsagnarsamtöl, en í því felst m.a. að skrá, ígrunda og meta eigin vinnubrögð og frammistöðu út frá námsmarkmiðum sínum, viðmiðum í námsmati og markmiðum vettvangsnáms
- ✓ leggja sig fram um að vera þátttakandi í leikskólastarfinu, hafa frumkvæði að samskiptum við börn, taka þátt í og stuðla að leik þeirra, námi og færni
- ✓ takast á við fleiri og flóknari viðfangsefni eftir því sem líður á námstímann og faglegt öryggi eykst
- ✓ leita upplýsinga um hugmyndafræði og starfshætti leikskólans í samtölum og samskiptum við fagfólk á vettvangi

- ✓ sýna tillitssemi og trúnað gagnvart börnum, fjölskyldum þeirra og starfsmönnum leikskólans
- ✓ fylgja starfsreglum viðkomandi leikskóla, m.a. að tilkynna um frávik, fjarvistir og veikindi í tíma, setja upp áætlun í samráði við leiðsagnarkennara þegar vinna þarf upp fjarvistir
- ✓ leggja sig fram um að kynna sig fyrir starfsmönnum, börnum og foreldrum

Telji nemi sig ekki ráða við eða anna þeim verkefnum sem honum eru falin, að gerðar eru kröfur sem að hans mati falla ekki að markmiðum vettvangsnáms eða að hann fái ekki leiðsögn eða námstækifæri sem skyldi, ber honum að ræða það fyrst við leiðsagnarkennara sinn eða tengilið í heimaskóla. Ef nemi telur sig ekki geta leitað til ofangreindra aðila snýr hann sér til verkefnisstjóra vettvangsnáms.

Leiðarbók

Góður undirbúningur og vakandi athygli er mikilvægur liður í að vettvangsnámið verði ánægjulegt og árangursríkt. Nemendur eru því hvattir til að taka frá tíma til ígrundunar, að skrá hjá sér líðan sína, reynslu og nám á vettvangi auk atriða og spurninga sem geta komið að gagni t.d. í leiðsagnarsamtölum. Þannig eru meiri líkur á því að vettvangsnámið verði árangursríkt.

Eftirfarandi spurningar geta verið gagnlegar við slíka ígrundun:

- ✓ Hvað langar mig að takast á við í þessu vettvangsnámi?
- ✓ Hvað gengur vel – ekki eins vel og af hverju?
- ✓ Hvað kemur á óvart – hvers vegna?
- ✓ Hvað finnst mér vel gert, hvað má betur fara og hvers vegna?
- ✓ Hverju myndi ég vilja breyta á morgun t.d. varðandi eigin frammistöðu, frumkvæði eða annað?
- ✓ Er eitthvað varðandi fyrirkomulagið sem ég get lagað til þess að vettvangsnámið verði árangursríkara?
- ✓ Er ég að nýta mér það sem ég hef lært í kennaranáminu?
- ✓ Spurningar til leiðsagnarkennarans eða annarra í leikskólanum

Ígrundun

Hér eru nokkur atriði sem nemi getur haft til hliðsjónar þegar hann ígrundar samskipti sín við börnin og hlutverk sitt t.d. í leik eða skipulögðum stundum; samveru, söng eða hópatímum:

- ✓ Hvernig næ ég til barnanna?
- ✓ Eru einhver börn sem ég hef meiri samskipti við en önnur? Ef svo er, af hverju og hvernig get ég brugðist við því?
- ✓ Næ ég athygli barnanna - vekja viðfangsefnin sem ég skipulegg áhuga barnanna, hæfa þau aldri þeirra og sköpunargleði?
- ✓ Næ ég að hafa stjórn á aðstæðum t.d. að grípa inn í þegar þörf krefur, leiðbeina án þess að stjórna, gef ég skýr fyrirmæli?

Gátlisti nema

Atriði sem nemi þarf að huga að fyrir og meðan á vettvangsnámi stendur:

- ✓ Úthlutun samstarfsskóla. Nenum gefst kostur á að velja um staðsetningu (hverfi) leikskólans og setja fram óskir um faglegar áherslur. Ekki er æskilegt að nemi sé í vettvangsnámi þar sem hann starfar/hefur starfað eða í leikskóla þar sem hans eigin börn eru. Verkefnisstjóri vettvangsnáms sendir út slóð á könnun vegna staðsetningar í vettvangsnámi í upphafi hvers námskeiðs.
- ✓ Áherslur í vettvangsnámi. Þegar nema hefur verið úthlutað samstarfsskóla og leiðsagnarkennarar skal hann hafa samband við viðkomandi leikskóla og veita upplýsingar um viðfangsefni sem tengjast væntanlegu vettvangsnámi hans.
- ✓ Námssamningur og námsmat. Mikilvægt er að nemi kynni sér viðmið í námsmati og inntak námssamnings (fylgiskjal 3 og 4) áður en hann fer á vettvang.
- ✓ Úrsögn úr námskeiði. Ef nemi segir sig úr námskeiði sem felur í sér vettvangsnám eftir að honum hefur verið úthlutað samstarfsskóla skal hann tilkynna það með tölvupósti til verkefnisstjóra vettvangsnáms.
- ✓ Dagleg viðvera í vettvangsnámi er 6 klukkustundir og æskilegt er að henni sé hagað þannig að neminn fái yfirsýn yfir leikskóladaginn, upphaf og lok dags. Gera þarf ráð fyrir að undirbúningur, úrvinnsla og verkefnavinna fari fram í framhaldi af daglegri viðveru, 1-2 tímar á dag.
- ✓ Viðvera. Ef nemi veikist eða forfallast af einhverjum orsökum er honum skylt að láta leiðsagnarkennara vita og að jafnaði skal hann vinna upp þann tíma sem tapaðist. Langtímaveikindi þarf að tilkynna til verkefnisstjóra vettvangsnáms. Ef nemi mætir hvorki né gerir grein fyrir fjarvistum telst hann ekki hafa lokið vettvangsnáminu og þarf því að skrá sig aftur í námskeiðið.
- ✓ Sjálfsmat. Þau viðmið sem fram koma í námsmati eru leiðbeinandi fyrir þær kröfur og væntingar sem gerðar eru til nema í vettvangsnámi. Einnig er þeim ætlað að vera grundvöllur leiðsagnar og sjálfsmats nema.
- ✓ Námsmarkmið. Við upphaf vettvangstímabils er mikilvægt að nemi setji sér markmið sem hann telur mikilvægt að stefna að (fylgiskjal 1). Við lok vettvangsnáms metur hann að hve miklu leyti þau náðust og setur sér ný markmið

Leiðsögn og endurgjöf

Mikilvægt er að leiðsagnarkennari og nemi ræði í upphafi þær kröfur og væntingar sem gerðar eru í vettvangsnámi og persónuleg námsmarkmið nema. Eftirfarandi þættir skulu liggja til grundvallar leiðsögninni:

- ✓ Samkomulag milli leiðsagnarkennara og nema um leiðsögn
- ✓ Markmið nema og áherslur í vettvangsnámskeiði
- ✓ Viðmið í námsmati

Gera þarf áætlun um leiðsögnina: fjölda leiðsagnartíma og óformlega leiðsögn t.d. hvar eða hvernig henni geti verið háttað, sem og þau verkefni sem nemi þarf að vinna og standa skil á þannig að þau falli sem best inn í skipulag starfsins (fylgiskjal 1). Einnig þarf að skipuleggja önnur viðfangsefni eða

verkefni sem æskilegt er að nemi taki þátt í og hafa það að markmiði að stuðla að aukinni færni og hæfni nema.

Mikilvægt er að leiðsagnarkennari fylgist vel með og ræði við nema um það sem hann er að fást við í daglegu starfi og verkefnavinnu. Einnig skal skipuleggja fundartíma með nemanum a.m.k. einu sinni í viku til að sinna formlegri leiðsögn. Í leiðsagnartíma/samtali er mikilvægt að huga að eftirfarandi:

- ✓ Trúnaður - minna nemandann á trúnað hans gagnvart börnum, foreldrum og samstarfsfólki.
- ✓ Staður og stund - gefa ákveðinn tíma í samtalið ásamt því að huga að sætaskipan og augnsambandi.
- ✓ Tilgangur samtals - hafa markmið samtalsins skýr, hvað á að ræða í dag (fylgiskjal 2)
- ✓ Fókus - velja ákveðna þætti til að tala um. Nota opnar spurningar og varast að tala of almennt. Gott er að ákveða fyrir fram hvað á að ræða hverju sinni, þannig geta báðir aðilar komið undirbúnir til samtalsins.
- ✓ Áform og líðan – fá nemandann til að segja frá og greina það sem hann er að fást við: Hvað vildir þú gera – hvað gerðist: hvað gekk vel – hvað gekk ekki eins vel eða mátti betur fara – hvað varstu að hugsa – hvernig leið þér?
- ✓ Samræður – báðir tali. Virk hlustun; fá nemandann til að tjá sig sem mest um það sem hann hefur fengist við eða er að velta fyrir sér, þannig að hans hugðarefni stýri samtalinu.
- ✓ Uppbyggjandi gagnrýni - áherslu á gagnrýni sem byggir upp og bendir á leiðir. Muna eftir að hrósa þegar það á við. Segja frá hvað gekk vel að þínu mati; hvað sá ég/heyrði – tjáðu þig með tilvísun í atvik: t.d. ég sá.., mér finnst.., ég tók eftir að.., ekki fullyrða – segðu frekar hvaða áhrif atvikið hafði á þig.
- ✓ Lausnir - gæta þess að vera ekki með of einhliða eða stýrandi ráðleggingar. Úrræðin gætu legið hjá nemanum sjálfum.
- ✓ Lærdómur - velta fyrir sér hvort eða hvað má læra af viðfangsefnum nemans
- ✓ Skoða með nemanum hvað hann hefur fengist við í vettvangsnáminu og hvernig má byggja á því og þróa t.d. á næsta tímabili.
- ✓ Aðstoða nemandann við að greina styrkleika sína og setja sér raunhæf markmið.
- ✓ Benda á atriði sem neminn ætti að skoða og ígrunda t.d. þætti sem hann gæti eftir í eigin fari. Þannig getur hann lagt grunn að sinni eigin starfskenningu
- ✓ Byrja og enda samræðurnar á jákvæðan hátt
- ✓ Í lok samtalsins er gott að draga saman og setja ný markmið ásamt því að ákveða næsta fundartíma þegar það á við

Námsmat

Leiðsagnarmat

Frammistaða nema er metin út frá markmiðum og viðmiðum vettvangstímabils hverju sinni og markmiðum nema. Á vettvangstímabilinu ræða leiðsagnarkennari og nemi framvindu námsins út frá markmiðum nema og viðmiðum í námsmati (fylgiskjal 3). Þar fær neminn tækifæri til að ígrunda og meta eigin reynslu og frammistöðu, ræða um styrkleika sína og hvað hann vill efla í eigin fari sem verðandi kennari.

Leiðsagnarkennari ber ábyrgð á að leiða og halda skrá yfir viðveru nema og leiðsögnina. Verkefnisstjóri vettvangsnáms sendir leiðsagnarkennara hlekk á námsmatsform sem notast á við. Að loknu vettvangsnámi fer leiðsagnarkennari yfir matið með nema og leiðsagnarkennari merkir við að nema hafi verið sýnt námsmatið. Að loknu vettvangsnámi sér leiðsagnarkennari um að senda matið ásamt viðveruskrá til Menntavísindasviðs.

Mikilvægt er að mat á vettvangsnámi berist Menntavísindasviðs strax að vettvangsnámi loknu þannig að hægt sé að ganga frá námsmati námskeiða og greiðslu til samstarfsskóla.

Lágmarkskröfur

Ef minnsti vafi leikur á um frammistöðu, hæfni og vinnubrögð nema ber að ræða það í tíma við nemann og hafa samband við kennara námskeiðsins og verkefnisstjóra vettvangsnáms á Menntavísindasviði.

Við mat á frammistöðu nema skal taka mið af þeim kröfum sem fram koma í námsmati og sérstaklega skal huga að eftirfarandi:

- ✓ áhuga og þátttöku nema í almennu starfi
- ✓ áhuga eða hæfni nema til samskipta við börn og fullorðna
- ✓ að hve miklu leyti nemi sýnir frumkvæði og ábyrgð á því sem ætlast er til
- ✓ áhuga eða hæfni til að hafa yfirsýn yfir eigið nám og starf
- ✓ áhugi nema á að taka þátt í faglegri umræðu og að nýta sér leiðsögn
- ✓ ígrundun á eigin hlutverki sem nemi og verðandi leikskólakennari

Leiðsagnarkennari og háskólakennari taka í framhaldinu ákvörðun um niðurstöðu námsmats. Ef niðurstaðan er sú að nemi hafi ekki staðist þær kröfur sem liggja til grundvallar í námsmati er sett fram áætlun um framhaldið.

Um námsmat í vettvangsnámi gilda sömu reglur og um önnur verkefni og próf námskeiða, þ.e. réttur nema til endurtöku. Ákvörðun um hvernig endurtöku verður háttað er tekin í samráði Menntavísindasviðs, nema og viðkomandi leikskóla. Lokaákvörðun um framlengingu eða endurtekningu er tekin af Menntavísindasviði og skal þá í samvinnu við nema gera áætlun um endurtöku út frá niðurstöðu námsmats.

Ef nemi óskar eftir endurmati á niðurstöðu námsmats skal hann senda skriflegt erindi til deildarforseta í Deild kennslu- og menntunarfræði. Í erindi skal nemi greina frá álitaefni og rökstyðja kröfu um endurmat. Deildarforseti mun bregðast við erindinu og fjalla um málið svo fljótt sem unnt er.

Samkomulag milli leiðsagnarkennara og nema um leiðsögn (fylgiskjal 1)

Í upphafi vettvangsnáms er mikilvægt að leggja grunn að samskiptum og ferli náms á vettvangi. Einn liður í því er að nemi og leiðsagnarkennari geri markmið og væntingar ljósar.

<p>NAFN NEMA:</p> <p>Dagsetning vettvangsnáms:</p>
<p>Heiti námskeiðs/a með vettvangsnámi:</p>
<p>Markmið með vettvangsnáminu</p> <p>Eigin markmið og væntingar til vettvangsnámsins, t.d. - hvað vil ég læra, takast á við, öðlast sem nemi – hvers vegna - til hvers er ætlast af mér. Nemi greinir frá reynslu sinni frá síðasta vettvangstímabili og þeim markmiðum sem hann setti sér að því loknu, þegar það á við.</p>
<p>Leiðir að markmiðum</p> <p>Hvernig ætla ég/get ég náð þessum markmiðum? t.d. - ég get.. fylgst með..tekið þátt..unnið með..haft frumkvæði að.., spurt...verið opin/n/</p>
<p>Væntingar mínar til leiðsagnarkennarans</p> <p>Skrifaðu hvaða væntingar þú hefur til leiðsagnarkennarans, t.d. að hann bendi á, aðstoði, útskýri, veiti þér endurgjöf, samstarf, upplýsingagjöf eða annað sem þér finnst skipta máli fyrir nám þitt á vettvangi.</p>
<p>Ígrundun að loknu vettvangsnámi</p> <p>Hvernig gekk mér að vinna að markmiðum mínum – hvernig nýttist leiðsögnin mér - hvað myndi ég vilja /ætla ég að gera öðruvísi næst.</p>

NAFN LEIÐSAGNARKENNARA:

Væntingar og kröfur leiðsagnarkennara til nema

Markmið leiðsagnarinnar – leiðir til að ná markmiðum og væntingum nema

Reglur sem leiðsagnarkennari setur leiðsögninni – tími – undirbúningur eða annað

Leiðsagnarsamtal (fylgiskjal 2)

Til að tryggja markvissa leiðsögn er mikilvægt að báðir aðila komi undirbúnir til samtalsins. Hér fyrir neðan er rammi sem styðjast má við í samtalinu

Dagsetning samtals:	
Hver eru/voru markmið nema – markmið með vettvangsnámi tímabilsins, námskeiðs/a, vikunnar.	
Rifjað upp hvað var rætt í síðasta samtali.	
Umræðuefni dagsins - Atriði sem leiðsagnarkennari og nemi vilja taka upp. Mikilvægt er að báðir aðilar skrái hjá sér jafnóðum það sem þeir vilja taka upp ræða.	
Hvað gengur vel eða má betur fara – að mati nema og leiðsagnarkennara. Mikilvægt er að endurgjöf beinist að markmiðum nema og þeim viðfangsefnum sem hann hefur tekist á við til að ná þeim.	
Samantekt - dregið saman það sem hefur verið rætt og ákveðið að hverju skal stefnt fram að næsta samtali.	

Viðmið og námsmatsþættir (fylgiskjal 3)

Á vettvangstímabilinu ræða leiðsagnarkennari og nemi framvindu námsins út frá markmiðum nema og viðmiðum í námsmati. Í lokin fyllir leiðsagnarkennari út form sem inniheldur eftirfarandi matsþætti:

1. Samskipti og samstarf nema á vettvangi

Við mat á þessum þætti er gott að taka mið af neðan greindum atriðum þegar samstarf við samstarfsfólk og foreldra þ.m.t. stundvísi, undirbúningur, þátttaka er metið:

- stundvísi, sjálfstæði, ábyrgð og sveigjanleiki
- virðing og frumkvæði í samskiptum við samstarfsfólk og foreldra
- setja sig inn í hugmyndafræði og starfshætti leikskólans
- frumkvæði og þátttaka í daglegu starfi
- sveigjanleiki í samstarfi t.d. vegna verkefnavinnu frá skóla og samstarfsfunda
- almenn samskipti og samvinna

2. Hæfni nema í starfi með börnum

Við mat á þessum þætti er gott að taka mið af neðan greindum atriðum þegar samskipti og samstarf við börn er metið:

- stuðla að samskiptum og færni barna, hvetja til leiks og skapandi viðfangsefna
- nýta tækifæri sem upp koma til að kynnast börnum, fá innsýn í hugmyndir þeirra og áhugasvið
- yfirsýn yfir þætti sem hafa áhrif á skipulag, daglegt starf, leik og nám barna í leikskóla
- færni til að beita faglegri þekkingu við að skipuleggja og leiða starf með fjölbreyttum barnahópi
- leita leiða til að efla samskiptafærni og tengsl barna við önnur börn og fullorðna

3. Persónuleg og fagleg ígrundun nema

Við mat á þessum þætti er gott að taka mið af neðan greindum atriðum þegar metið er hversu gott vald neminn hefur á faglegum viðfangsefnum auk ígrundunar.

- sýna skilning á því ef samstarfsfólk hefur ólíka sýn á börn og leikskólastarf
- leggja sig fram í samstarfi og faglegri umræðu um hlutverk leikskóla í uppeldi og menntun barna
- samþætta faglega þekkingu og reynslu við skipulagningu og mat á leikskólastarfi
- beita þekkingu sinni til að leiða starf og stuðla að samvinnu sem verðandi leikskólakennari
- beita þekkingu sinni til að ígrunda og þróa eigið starf og starfshætti

Námssamningur (fylgiskjal 4)

Námssamningur þessi er gerður á milli kennaranema í _____
Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og leiðsagnarkennara fyrir hönd viðkomandi samstarfsskóla.

Samstarfsskóli: _____

Nafn leiðsagnarkennara á vettvangi: _____

Nafn kennaranema: _____ Kt.: _____

1. Leiðsagnarkennari sér til þess að kennaranemi fái aðgang að samstarfsskólanum í vettvangsnámi og vegna vettvangstengdra verkefna samkvæmt nánara samkomulagi þar um og veitir honum leiðsögn og stuðning.
2. Kennaranemi ber ábyrgð á námi sínu og verkefnum á vettvangi með sama hætti og hann er ábyrgur fyrir námsframvindu sinni í náminu almennt.
3. Kennaranemi sýnir samstarfsskóla og starfinu sem þar er unnið tilhlýðilega virðingu og skal leggja sig fram í samskiptum við alla þá er tengjast skólanum.
4. Kennaranemi sýnir áhuga, frumkvæði og ábyrgð á námi sínu. Hann sýnir háttvísi í hvívetna og leggur sig fram um að fara eftir leiðbeiningum.
5. Kennaranemi skal vera stundvís og gefa leiðsagnarkennara upplýsingar um breytingar sem verða á högum hans í náminu. Kennaranemi skal tilkynna leiðsagnarkennara um forföll eins fljótt og auðið er.
6. Komi upp trúnaðarbrestur milli kennaranema og leiðsagnarkennara sem ekki finnst lausn á skal snúa sér til kennsluskrifstofu Menntavísindasviðs.
7. Kennaranema er ljóst að hann er bundinn þagnarskyldu um allt er varðar málefni samstarfsskólans og einstaklinga innan hans.
8. Kennaranema er ljóst að með hliðsjón af lögum um leik-, grunn- og framhaldsskóla er skólastjóra samstarfsskóla heimilt að óska eftir því að kennaranemi framvísi upplýsingum úr sakaskrá til staðfestingar á því að nemi hafi ekki brotið gegn ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga.

Staður og dagsetning

Leiðsagnarkennari/Ábyrgðarmaður

Kennaranemi